

Alþingi
Erindi nr. P 140/2290
komudagur 7.S. 2012

Verndun Reykjaness

Ásta Gunnarsdóttir [asta@keilir.net]

Sent: 7. maí 2012 21:30

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

"Ég, Ásta Gunnarsdóttir kt. 0606572709, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátælu og tel því... betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar sem almenningur og ferðamenn geta notið með lítilli fyrirhöfn. Þess má geta að um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga."

Bestu kveðjur,
Ásta